

110

23. sept.

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

## SAMPYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 10 á kvöldin til kl. 7 á morgnana, má ekki blása á eimpípu í bænum né á höfninni.

2. gr.

Bannað er að nota sirenuflautu í bænum nema sem brunaboða.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 23. september 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

111

30. sept.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jóns Ólafssonar, bankastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. september 1937.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Ólafssonar bankastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns Ólafssonar bankastjóra“ og er stofnaður með 2000 kr. minningargjölf frá Ólafi kaupmanni Ólafssyni í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í Söfnunarsjóði Íslands og skipa stjórn sjóðsins á hverjum tíma sömu menn og sitja í stjórn Dýraverndunarfélags Íslands.

3. gr.

Gjafir er sjóðnum kunna að áskotnast skulu leggjast við höfuðstól hans óskertar. Allt að helmingi ársvaxta höfuðstóls, þó aldrei meira en 200 krónum, má árlega